

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 280/1990. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.) og

Hulda Halldórsdóttir

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Láru J. Magnúsdóttur

(Magnús Norðdahl hdl.) og

Lára J. Magnúsdóttir

(Magnús Norðdahl hdl.)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Haraldur Blöndal hrl.),

Brimborg hf. og

Huldu Halldórsdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur. Örorka. Miskabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandinn Sjóvá-Almennar tryggingar hf. áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1990 að fengnu áráðuneyfi 28. júní sama ár. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að sök verði skipt og hann einungis dæmdur til að greiða hluta af kröfu gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandinn Hulda Halldórsdóttir áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1990 að fengnu áráðuneyfi 10. sama mánaðar. Krefst hún aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þær verði stórlækkaðar. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 30. nóvember sl. var henni veitt bæði gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1990. Krefst hún þess, að stefndu í gagnsök verði dæmdir til að greiða sér in solidum skaðabætur, að fjárhæð 11.138.105 krónur með 9% ársvöxtum frá 21. júní 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s. á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s. á., en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá þeim degi til 16. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að stefndu í gagnsök verði dæmdir in solidum til að greiða 844.865 krónur í málskostnað í héraði með dráttarvöxtum frá 29. mars 1990 til greiðsludags og málskostnað fyrir Hæstarétti með virðisauka-skatti og dráttarvöxtum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 20. nóvember sl. var gagnáfrýjanda veitt bæði gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Stefndi Brimborg hf. krefst staðfestingar héraðsdóms.

Bifreiðin R-65325, sem kemur við sögu í máli þessu, var skráð eign Veltis hf., er slys það varð, sem málið fjallar um. Samkvæmt tilkynningu til Hlutafélagaskrár 23. desember 1988 var félagið þann dag sameinað Brimborg hf. undir nafni þess félags. Tók það við öllum réttindum og skyldum Veltis hf. frá 1. janúar 1989. Samkvæmt því er Brimborg hf. aðili að málinu fyrir Hæstarétti í stað Veltis hf.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I. Um fébótaábyrgð á slysinu.

A. Hulda Halldórsdóttir.

Í héraðsdómi eru raktar upplýsingar úr lögreglurannsókn, sem fram fór á aðstæðum á slysstað og ummerkjum þar skömmu eftir slysið aðfaranótt 21. júní 1986. Samkvæmt því, sem þar kemur fram, er ljóst, að bifreiðinni R-65325 hefur verið ekið of hratt miðað við aðstæður og á það hefur skort, að aðaláfrýjandinn Hulda æki að öðru leyti af nægri varkárni og fyrirhyggju. Til þessa gálauslega aksturs verður það rakið, að hún missti vald á bifreiðinni, svo að hún lenti út af veginum með þeim afleiðingum, sem lýst er í héraðsdómi. Með vísan til þessa telst aðaláfrýjandinn Hulda hafa

átt sök á slysinu, og ber hún bótaábyrgð á því samkvæmt 3. mgr. 69. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968.

B. Sjóvá- Almennar tryggingar hf.

Félagið byggir sýknukröfu sína á því, að Hulda Halldórsdóttir hafi verið ölvuð við akstur bifreiðarinnar, er slysið varð, og það hafi gagnáfrýjanda verið ljóst. Eigi hún því sjálf að bera tjón sitt af völdum slyssins.

Í héraðsdómi er rakið meginefni vitnaskýrslna um þenna þátt málsins. Í sumum þeirra koma fram vísbendingar um, að aðaláfrýjandinn Hulda hafi verið undir áhrifum áfengis. Sérstaklega á þetta við um framburð Haralds Ó. Tómassonar læknis. Á hinn bóginn fórst það fyrir, að gerðar væru hefðbundnar ráðstafanir til að tryggja sönnur fyrir því með töku blóðsýnis annaðhvort á slysstað eða á Borgarspítala. Þrátt fyrir verulegar líkur á því samkvæmt framburði vitna, að Hulda hafi verið ölvuð við akstur bifreiðarinnar, þegar slysið varð, skortir samt á, að fram hafi komið næg sönnun fyrir því. Á meðábyrgð gagnáfrýjanda, að því er þetta varðar, reynir því ekki. Með vísan til þessa ber aðaláfrýjandinn Sjóvá-Almennar tryggingar hf. fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt 4. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968.

C. Brimborg hf.

Við málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu þessa stefnda sem eiganda bifreiðarinnar, að gengist væri við fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda, yrði slysið talið bótaskyldt að lögum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, bera framangreindir aðilar in solidum fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda af völdum umrædds slyss, og eru ekki fram komin fullnægjandi rök fyrir takmörkun hennar.

II. Um tjón gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi krefst sömu bótafjárhæðar og dæmd var í héraði. Sundurliðast hún þannig:

1. Örorkubætur	kr. 9.307.300	
Frá dragast 7,19% v/skattfrelsis bóta	kr. 669.195	kr. 8.638.105
2. Miskabætur		— 2.500.000
		<u>Kr. 11.138.105</u>

Um 1.

Gagnáfrýjandi var fluttur í þyrlu af slysstað til Reykjavíkur og lagður inn á Borgarspítala. Í greinargerð Guðnýjar Daníelsdóttur, læknis þar, er lýst meiðslum gagnáfrýjanda, lækni meðferð, er hún naut, og afleiðingum meiðsla hennar. Greinargerð þessi, sem dagsett er 21. október 1986, er svohljóðandi:

„Við komu á slysadeild Borgarspítalans var blóðþrýstingur lágur, hún var alveg lömuð í ganglimum og mjög mikið lömuð í griplimum. Hafði enga tilfinningu í neðri útlimum og upp að geirvörutum og einnig mikið skyntap í griplimum. Röntgenmyndir af háls hrygg leiddu í ljós brot og misgengi á háls hrygg milli 6. og 7. hálsliðar. Einnig reyndist hún hafa áverka á lifur og var kviðarhol opnað til að gera að honum. Í smásjárskoðun á þvagi voru rauð blóðkorn.

Hún var sett í snúningsrúm með tog á háls hrygg og dvaldist á gjörgæsludeild fyrstu dagana. Fékk íferðir í lungu og þá gerður barkaskurður (tracheostomia) og var sett í öndunarvél. Vegna ofangreindra fylgikvilla var ekki talið ráðlegt að freista spengingar á háls broti fyrr en 31. 7. '86, en þá var farið inn á háls hrygginn aftan frá og liðbolirnir festir saman með „cerclage“-þráðum og jafnframt reynt að draga úr misgengi þeirra, en gekk erfiðlega. Á röntgenmyndum 13 dögum frá þessari aðgerð var staða í háls hrygg sú sama og fyrir aðgerð: misgengi á 6. hálslið fram á við, sem nam liðbolsbreidd og hann skriðinn niður á við hálfa liðbolshæð. Ekki þótti þá ástæða til frekari skurðaðgerða, þar sem ljóst var, að afleiðingar slyssins væru varanlegar og frekari tilraunir til að lagfæra stöðu á háls hrygg myndu engu breyta þar um.

Hún dvaldist á taugaskurðeild Borgarspítalans til 25. 8. '86, er hún fluttist á Grensásdeild.

Hún hefur verið í sjúkraþjálfun allt frá slysi og iðjuþjálfun, eftir að hún kom á Grensásdeild. Hafði lengi inniliggjandi þvaglegg og

hefur haft endurteknar þvagfærasýkingar, en þolað illa fúkkalyf vegna ofnæmis og því fyrst og fremst meðhöndluð með blöðruskolunum. Blöðruþjálfun er nú komin í gagn, en sj. er enn ekki fær um að framkvæma blöðrubank sjálf vegna lélegra krafta í griplimum.

Nokkru eftir komu á Grensásdeild fór hún að kvarta um vaxandi dofa og verki í vi. griplim og safnaðist á hann bjúgur. Að undangenginni röntgenrannsókn á háls hrygg var á ný framkvæmd aðgerð þ. 1. 10. '86, sem leiddi í ljós, að liðplötur (laminur) á brotstað þrengdu að taugum og mænu og voru þær fjarlægðar með þeim árangri, að ofangreind einkenni og kvartanir hafa nú nánast horfið. Í þessari aðgerð kom ekki fram nein hreyfing á brotstað, þannig að brotið hefur gróið í þeirri stellingu, sem áður er lýst.

Status praecens: Skyntap í ganglimum og bol eins og fyrr segir og sömul. mikið skyntap í griplimum.

Hæ. griplimur: Hreyfigeta til staðar í hæ. öxl. Góður styrkur í kreppivöðva olnboga, en lélegur styrkur í réttivöðva olnbogans. Styrkur góður í úlnlið, en engin hreyfigeta í fingrum.

Vi. griplimur: Mikið skert hreyfigeta í vi. öxl. Lélegur kraftur við að rétta og beygja olnboga. Léleg hreyfigeta í vi. úlnlið og engin í fingrum.

Ganglimir: Algert máttleysi, byrjandi „spasticitet“.

Samantekt: Hér er um nánast „komplett“ mænuskaða að ræða, þ.e. þverskurð á mænu milli 6. og 7. hálsliðar. Nú eru liðnir 4 mánuðir frá slysi, sj. fer á standbekk, situr stund og stund í stól og blöðruþjálfun er komin vel í gang. Hún verður framvegis í hjólastól, en væntanlega að mestu leyti sjálfbjarga, þótt of snemmt sé að fullyrða um það enn sem komið er.

Örorka gagnáfrýjanda af völdum slyssins var metin af Jónasi Hallgrímssyni yfirlækni. Í örorkumatinu, sem dagsett er 14. nóvember 1986, er framangreint læknisvottorð rakið, en síðan segir á þessa leið:

„... Undirritaður hefur ekki talað við eða skoðað Láru og byggir niðurstöðu þessa mats eingöngu á ofangreindum skýrslum og greinargerð Guðnýjar. Ljóst er að Lára er alveg lömuð á ganglimum og mikið lömuð í handleggjum og hendur eru alveg lamaðar. Ekki eru horfur á að neinn bati fáiist frá því sem nú er, þannig að hún

geti nokkurn tímann orðið starfhæf. Örorka Láru telst því vera 100% varanleg frá og með slysdegi þann 21. 06. 1986.“

Fyrir liggur læknisvottorð Guðnýjar Daniélsdóttur, sem dagsett er 16. janúar 1989. Þar er lýst ástandi gagnáfrýjanda, frá því að hún kom á Grensásdeild Borgarspítala 25. ágúst 1986. Í vottorðinu segir meðal annars á þessa leið:

„... Sjúklingur hafði verið í sjúkraþjálfun allt frá slysi og bætt var við iðjuþjálfun og blöðruþjálfun hér á Grensásdeild eftir því sem við varð komið. Legan einkenndist af ýmsum complicationum ... og ... mikilli andlegri og líkamlegri vanlíðan. Inn á milli komu þó betri tímabil þar sem hún reyndi eftir mætti að vinna með meðferðaraðilum og reynt var að nýta til hins ýtrasta.

Mánuðum saman var sjúklingur mjög illa haldinn af orthostatisma og einkennum frá ósjálfráða taugakerfinu, aðallega svitaköstum. Hún fékk útbrot við ýmsar lyfjagjafir svo sem af fúkalyfjum og þvagfærasýkingar voru meðhöndlaðar með blöðruskolunum svo lengi sem dugði hverju sinni og hún fékk ofnæmislyf til þess að slá á þessi einkenni ef þurfti að gefa henni sterk fúkalyf svo sem við lungnabólgu.

Geðlyf voru reynd en virtust koma að litlu gagni. Geðlæknar og sálfræðingar voru konsulteraðir og hún fór í hópmeðferð á göngudeild Geðdeildar en vísaði þeirri meðferð og meðferðaraðilum á bug og hætti að eigin ósk göngudeildarmeðferð, sem fyrir var vonast til að kæmi henni til góða í þeim „psychosocial“vanda sem hún á við að etja.

Hún fékk endurteknar svæsnar lungnabólgur sem kröfðust innlagna á lyfjadeild Borgarspítalans síðast í júní 1988, þar var hún meðhöndluð með fúkalyfjum, sterum og asthmalyfjum.

Sjúklingur hafði stöðugar viðvarandi kvartanir frá kviðarholi, aðallega neðanvert, sem hafa e.t.v. að einhverju leyti stafað frá þvagblöðru og (annarra) orsaka þessara verkja var leitað að mestu árangurslaust með alls konar rannsóknaraðferðum svo sem blöðruspeglunum, röntgenmyndatökum á nýrum og meltingarvegi, kvensjúkdómaskoðunum, ómskoðunum, leitað eftir kviðsliti o.s.v.frv. Við þessum kvörtunum var reynt að gefa henni verkjalyf og önnur viðeigandi lyf en með misjöfnum ef nokkrum árangri. ...

Samantekt: Eftir tveggja ára endurhæfingu er sjúklingur hjóla-

stólsbundinn og ekki sjálfbjarga við athafnir daglegs lífs. Vegna lélegra krafta í griplimum aðallega í réttivöðvum olnboga getur hún ekki flutt sig úr rúmi í hjólastól né öfugt. Hún getur með smá aðstoð og hjálpartækjum þvegið sér að ofan, burstað tennur og borðað en þarf mikla hjálp við annað hreinlæti og klæðnað. Úthald við að sitja í hjólastól hefur aukist smám saman einkum eftir að dró úr orthostatisma og hefur hún lengi verið á blóðþrýstingshækkandi lyfjum. Hún á ekki afturkvæmt til síns heima og flyst af Grensásdeild á Hjúkrunardeild í Hátúni 12.

Hún hefur tvívegis verið metin til fullrar örorku af Tryggingastofnun ríkisins, síðast í október 1988.

Örorka frá slysdegi 100%, varanleg örorka 100%.“

Fjárhæð þessa kröfuliðar er byggð á örorkuútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 17. janúar 1990. Þar kemur fram, að gagnáfrýjandi er fæddur 19. apríl 1958 og hefur því verið 28 ára á slysdegi. Hún er einhleyp.

Samkvæmt skattframtölum gagnáfrýjanda voru nokkrar sveiflur í tekjuöflun hennar næstu árin fyrir slysið. Er sá kostur valinn í útreikningnum að byggja tekjuáætlun til frambúðar á umreiknuðum tekjum gagnáfrýjanda, eins og þær voru framan af árinu 1986, en þær svara til 767.500 króna árstekna miðað við gildandi kauptaxta á útreikningsdegi. Höfuðstólsverðmæti örorkutjóns reiknað á þessum forsendum og miðað við 100% varanlega örorku nemur á slysdegi 9.307.300 krónum. Vaxtaforsendur í útreikningnum eru þær, að frá slysdegi og fram að útreikningsdegi eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsreikningum í Landsbanka Íslands, en eftir það 6% vextir og vaxtavextir. Miðað er við dánarlíkur á tímabilinu 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Í örorkuútreikningi, sem Jón Erlingur Þorláksson gerði 19. febrúar 1990, er reiknað út höfuðstólsverðmæti greiðslna til gagnáfrýjanda frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins svo og verðmæti lífeyris, sem gagnáfrýjandi nýtur hjá Lífeyrissjóði verksmiðjufólks frá 1989. Um verðmæti þessara greiðslna segir svo í útreikningnum:

„... Dagpeningar eru nú 5.623 kr. á mánuði. Ég miða við, að

þeir hafi verið greiddir frá og með júní 1987 og greiðist til 67 ára aldurs Láru. Höfuðstólsverðmæti þeirra á slysdegi reiknast mér vera *kr. 780.900*.

Lára fær örorkulífeyri frá Lífeyrissjóði verksmiðjufólks frá 1/1 1989, nú 22.383 kr. á mánuði. Höfuðstólsverðmæti slíks lífeyris til 70 ára aldurs Láru reiknast mér á slysdegi *kr. 2.833.800*.

Örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins er nú 10.853. kr. á mánuði. Sé reiknað með, að Lára fái slíkan lífeyri frá 1/1 1988 og til 67 ára aldurs, er verðmæti hans á slysdegi *kr. 1.362.500. ...“*

Jafnframt er í útreikningnum reiknað út verðmæti tekjutryggingar frá almannatryggingum, en hún skertist á þessum tíma vegna greiðslna til gagnáfrýjanda úr áðurnefndum lífeyrissjóði. Í bréfi Jóns Erlings Þorlákssonar frá 2. desember sl. kemur fram, að 1. júlí 1990 hafi reglum um tekjutryggingu verið breytt á þann veg, að greiðsla úr lífeyrissjóði megi nema allt að 25.542 krónum á mánuði, án þess að tekjutrygging skerðist. Gagnáfrýjandi fær því fulla tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, og er hún nú 23.320 krónur á mánuði, sbr. útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar frá 20. nóvember sl. Höfuðstólsverðmæti hennar frá 1. janúar 1988 til 67 ára aldurs gagnáfrýjanda nemur á slysdegi samkvæmt sama útreikningi *3.002.300 krónum*.

— — — — —

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, telst tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 3.500.000 krónur. Er þá tekið tillit til verðmætis greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi og jafnframt höfð í huga þau lífeyrisréttindi, sem gagnáfrýjandi nýtur til frambúðar úr lífeyrissjóði. Enn fremur er höfð hliðsjón af því, að tæplega þrjú ár eru liðin, frá því að örorkuútreikningur sá var gerður, sem gagnáfrýjandi byggir á kröfulið þennan.

Um 2.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um meiðsli gagnáfrýjanda af völdum slyssins og geigvænlegar afleiðingar þeirra, þykir tjón hennar samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 2.000.000 króna.

Samkvæmt þessu nemur bótaskyld tjón gagnáfrýjanda af völdum umrædds slyss samtals 5.500.000 krónum (3.500.000 + 2.000.000). Ber að dæma stefndu í gagnsök in solidum til að greiða henni þá fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Stefndu í gagnsök greiði in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í hinum áfrýjaða dómi er eigi að finna reifun þeirra sönnunargagna í málinu, sem liggja til grundvallar mati á tjóni gagnáfrýjanda. Verður að átelja þenna galla á dóminum.

D ó m s o r ð:

Stefndu í gagnsök, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Hulda Halldórsdóttir og Brimborg hf., greiði in solidum gagnáfrýjanda, Láru J. Magnúsdóttur, 5.500.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 21. júní 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s. á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með hæstu almennum innlánsvöxtum hvers tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 90/1992, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu í gagnsök greiði in solidum 1.100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Allur kostnaður gagnáfrýjanda af málinu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar M. Norðdahls héraðsdómslögmanns, samtals 1.000.000 króna. Laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjandans Huldu Halldórsdóttur fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. mars 1990.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 22. febrúar 1990, af Láru Jóhönnu Magnúsdóttur, kt. 190458-6529, Hátúni 10, Reykjavík, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, kt. 580269-1339, Velti hf., Suðurlandsbraut 16, Reykjavík, kt. 680269-7509, og Huldu Halldórsdóttur, Hvassaleiti 153, Reykjavík, kt. 260557-4759.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum 26.000.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu Sjóvár-Almennra trygginga hf. og Veltis hf. eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt og stefndu aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu kröfu.

Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu Huldu Halldórsdóttur eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að aðfaranótt laugardagsins 21. júní 1986 slasaðist stefnandi í umferðarslysi. Hún hafi þá verið farþegi í bifreiðinni R-65325 af gerðinni Volvo 245, fólksbifreið, skráðri í eigu stefnda Veltis hf., Suðurlandsbraut 16, Reykjavík, og í ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. Það tryggingafélag hafi sameinast Almennum tryggingum hf., eftir að slysið varð, og sé málsókninni beint að hinum nýja lögaðila.

Bifreiðarstjóri hafi verið stefnda Hulda. Hafi Hulda verið starfsmaður Veltis hf., og hafi hún haft bifreiðina að láni. Hafi stefnandi og Hulda verið staddar á þjóðvegi nr. 668, Hólmavíkurvegi, u. þ. b. einn km norðan Kollsár í Hrútafirði, er bifreið þeirra lenti í lausamöl og valt út af veginum með þeim afleiðingum, að stefnandi hlaut 100% varanleg örkuml af. Hafi hún orðið fyrir algjörum mænuskaða og hlotið þverskurð á mænu milli 6. og 7. hálsliðar. Hún verði framvegis í hjólastól og með mikla þörf fyrir aðhlynningu. Læknir hafi komið á vettvang skömmu eftir slysið, og hafi stefnandi og Hulda verið fluttar með þyrilu til Reykjavíkur og á Borgarspítalann. Þar hafi þær hlotið aðhlynningu. Stefnandi hafi dvalist á endurhæfingardeild Borgarspítalans, þar til hún fluttist á hjúkrunardeild í Hátúni 10.

Hinn 14. nóvember 1986 hafi Jónas Hallgrímsson læknir gert örorkumat vegna tjónsins. Meti hann örorku stefnanda 100% varanlega frá og með slysdegi 21. júní 1986. Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hafi reiknað örorkutjón stefnanda. Sé fyrsti útreikningurinn dagsettur 10. apríl 1987, en við málshöfðun liggi fyrir nýr útreikningur.

Hinn 6. nóvember 1987 hafi Sjóvá verið ritað bréf og krafa gerð um uppgjör skaðabóta. Þeim tilmælum hafi félagið hafnað. Hinn 26. október 1988 hafi stefnda Velti hf. verið gerður kostur á því að leysa mál þetta utan réttar, en þeim tilmælum hafi verið hafnað á þeirri forsendu, að öku- maður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður, þegar slysið varð. Byggi þeir trú sína á ummælum héraðslæknisins Haralds Tómassonar á Hvammstanga. Hafi læknirinn verið yfirheyrður fyrir dómi ásamt yfirlækni Borgar- spítalans í Reykjavík, og hafi komið fram, að yfirlýsing Haralds sé ekki studd efnislegum rannsóknum, og jafnframt, að engin gögn séu til í vörslu Borgarspítalans, sem bendi til ölvunar stefndu Huldu.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 21. júní 1986, sé tildrögum slyssins svo lýst og aðstæðum á vettvangi, að þegar komið sé fram hjá Kollsá í Stranda- sýslu, sé ekið eftir 500 m breiðum kafla (sic í grg. stefnanda), sem halli niður á við. Síðan sé ekið eftir hæð, og á hæðinni sé 15 til 20 gráðu löng afliðandi beygja. Þegar slysið varð, hafi verið nýbúið að bera í veginn og hefla hann, svo að yfirborð hafi verið laust. Eftir ummerkjum að dæma telji skýrslugerðarmenn, að bifreiðin hafi lent í lausamöl vinstra megin á veginum. Ökumaður hafi reynt að sveigja bifreiðina aftur inn á veginn, en við það hafi hún snúist, og síðustu 20 m hafi hún runnið þversum eftir veginum. Bifreiðin hafi síðan endastungist fram af þriggja m háum kanti, stungist á framendann, snúist í hálfhring í loftinu og stungið afturenda í mýrina (sic). Við það högg hafi allt lauslegt kastast út úr bifreiðinni, þ. m. t. ökumaður og farþegi. Síðan hafi bifreiðin flogið 13 m og stöðvast á hlið- inni. Brak úr bifreiðinni hafi dreifst víða, og hafi sömu sögu verið að segja um farangur.

Þegar lögreglumenn meti aðstæður á vettvangi, segi þeir, að megnan áfengisþef hafi lagt frá ökumanni, Huldu. Jafnframt hafi verið í farangrin- um bjórdósir, fullar og tómar, og ein vodkaflaska, nær tóm. Að sögn lög- reglumannsins hafi Pálmi Sæmundsson hreppstjóri talið, að ökumaður hafi verið ölvaður. Vegna þessa hafi lögreglumaðurinn Matthías Lýðsson haft samband við héraðslækninn, Harald Tómasson, sem hafði komið á slys- stað, og spurt hann um þetta atriði. Hafi læknirinn svarað því til, að konan hefði verið dauðadrukkin. Fullyrðingum þessum sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Allir framangreindir aðilar hafi komið fyrir dóm 26. september 1989. Sannað sé, að ekki hafi farið fram nein efnisleg rannsókn á ætlaðri ölvun stefndu Huldu við þetta tækifæri eða síðar, sem rennt geti

stoðum undir mat fyrrgreindra aðila. Þess beri að geta, að yfirheyrsla yfir Matthíasi Lýðssyni hafi farið forgörðum, en lögmenn aðila séu sammála um, að hann hafi komið fyrir dóm og staðfest áðurgerðar skýrslur.

Á vettvangi hafi verið tekin skýrsla af vitninu Jóni Ólafi Ólafssyni, Austurbergi 14, Reykjavík, og Önnu Sigríði Jónsdóttur, til heimilis sama stað. Hafi þau sagt svo frá, að þau hafi séð Volvo-bifreiðina við bensíndælauna hjá Veitingaskálanum Brú í Hrótafirði milli kl. 22.50 og 23.40. Hafi þau tekið eftir, að í bifreiðinni voru tvær konur, önnur dökkhærð og hin ljóshærð. Hafi sú dökkhærða ekið. Þegar þau hafi komið norður fyrir Kollsá um kl. 24.00, hafi þau séð bíl út af veginum hægra megin. Hafi þau þegar farið og reynt að hlúa að hinum slösuðu, auk þess sem reynt hafi verið að ná til læknis og lögreglu. Vitnin skýri svo frá, að stefnandi hafi verið mjög rólegur og skýr. Hins vegar hafi ökumaður verið mjög órólegur, kvartað um verki í baki og ekki viljað standa upp, reynt það, en ekki getað. Hafi hún enga grein virst gera sér fyrir því, hvað hafði gerst. Aðspurð hafi vitnin sagt, að þau hefðu ekki fundið neina áfengislykt af hinum slösuðu, en af aðstæðum á slysstað mætti ráða, að áfengi hefði verið í bifreiðinni. Þar hafi verið áteknar bjórdósir og áfengisflaska. Eftir að skýrslan hafi verið lesin upp fyrir vitnunum, hafi þau áritað hana þannig: „Við undirrituð getum engan veginn fullyrt, að hinar slösuðu hafi verið undir áhrifum áfengis, enda ekkert, sem bendir til þess, nema vera kynni það áfengi, sem var í bílnum.“ Framburð þennan hafi þau staðfest fyrir dómi að öðru leyti en því, að vitnið Jón hafi leiðrétt og unnið eið að skýrslu sinni á þá lund, að það hafi verið stefnandi, en ekki stefnda Hulda, sem bað um áfengi á slysstað.

Það, sem vitnin og lögregla telji vera bjórdósir, hafi, þegar til kom, reynst vera pilsnerdósir af gerðinni Falcon, sbr. framburðarskýrslu Huldu Halldórsdóttur, dags. 3. júlí 1986. Í þeirri skýrslu skýri stefnda Hulda tilvist áfengisflöskunnar í bifreiðinni og geri jafnframt grein fyrir því, að hún sjálf hafi ekki neytt áfengis, en hins vegar hafi stefnandi drukkið lítillaga á leiðinni. Upplýst sé, að stefnda Hulda ók á meira en 70 km hraða á klst., en hún muni að öðru leyti lítið um atvik.

Ákæra á hendur Huldu Halldórsdóttur sé lögð fram til sönnunar því, að ekki hafi þótt ástæða til þess að telja, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður. Jafnframt séu kvittanir frá Samvinnutryggingum vegna uppgjors á atvinnuslysatryggingu lagðar fram í sama skyni, enda hafi það tryggingafélag ekki talið stætt að neita bótagreiðslu á þeim grundvelli, sem stefndu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi gert. Hinn 8. nóvember 1989 hafi verið tekin skýrsla af Gunnari Þór Jónssyni, yfirlækni á Borgarspítalanum í Reykjavík, um líkamlegt ástand stefndu Huldu við komu á

sjúkrahúsið. Hafi þar komið fram, að engar rannsóknir fóru fram vegna meintrar ölvunar, og hafi læknismeðferð verið eðlileg.

14. ágúst 1986 hafi fyrst verið óskað eftir viðræðum við Sjóváttryggingafélag Íslands hf. um uppgjör skaðabóta. Jafnframt hafi verið óskað eftir læknisvottorðum vegna slyssins, og hafi Guðný Daniëlsdóttir lækni gefið ýtarlega skýrslu um ástand stefnanda á læknisvottorði, dags. 21. október 1986. Niðurstaða læknisins sé sú, að skyntap í ganglimum og bol sé algert. Einnig sé skyntap í griplimum. Hægri griplimur sé þannig, að hreyfigeta sé í hægri öxl og góður styrkur í kreppivöðva olnbogans, en lélegur styrkur í réttivöðva hans. Styrkur sé góður í úlnlið, engin hreyfigeta í fingrum hægri handar. Vinstri griplimur sé sagður þannig, að þar sé mikið skert hreyfigeta í vinstri öxl, lélegur kraftur við að rétta og beygja olnboga. Léleg hreyfigeta í vinstri úlnlið og engin í fingrum. Ganglimir séu algjörlega máttlausir og byrjandi spasticitet. Samantekt læknisins sé á þá leið, að hér sé um að ræða nánast algjöran mænuskaða, þverskurð á mænu milli 6. og 7. hálsliðar. Ljóst hafi verið þá þegar, að stefnandi yrði alla tíð bundinn við hjólastól.

Nokkuð mikil bréfaskipti hafi farið fram milli Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings og lögmanns stefnanda vegna útreiknings á tjóni. Hinir fyrstu útreikningar hafi verið byggðir einungis á skattframtölum. Meðan gagnaöflun fór fram í málinu, hafi orðið verulegar breytingar á kaupþöxtum iðnverkafólks. Jafnframt hafi ekki reynst unnt að byggja eingöngu á skattframtölum, m. a. vegna sjúkrahússvistar stefnanda á árinu 1984. Vegna þessa hafi ekki þótt fært að reikna tekjur hennar eingöngu á grundvelli skattframtala. Í hinum síðari útreikningum sé miðað við umreiknaðar tekjur stefnanda framan af árinu 1986. Að öðru leyti skýri útreikningar þessir sig sjálfir.

Sjóváttryggingafélagi Íslands hf. hafi verið ritað bréf 6. nóvember 1987 og gerð krafa til greiðslu skaðabóta. Gerður hafi verið nýr útreikningur, og grundvallist málshöfðun þessi á honum. Stefnandi sé með öllu óbundinn af þeim fjárhæðum og þeim tillögum, sem hún gerði um uppgjör í bréfi sínu, dags. 6. nóvember 1987.

Samvinnutryggingar hf. hafi 9. mars 1987 greitt stefnanda skaðabætur úr samningsbundinni slysatryggingu launþega, að fjárhæð 2.100.594 kr.

Mál hafi áður verið höfðað vegna þessarar sakar. Hafi því lokið með frávisun 5. febrúar 1990. Mál þetta sé nú höfðað að nýju og stefnt inn nýjum aðila, Huldu Halldórsdóttur.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveður málsóknina á hendur stefndu Huldu grundvallast á 26., 37., 49. og 50. gr. 1. nr. 40/1968, sem í gildi hafi verið, er slysið varð.

Beri hún fulla ábyrgð á tjóni stefnanda vegna gálauss aksturs í umrætt sinn, sbr. 3. mgr. 69. gr. umfl. Hún hafi ekki sýnt nægilega varkárni við akstur í umrætt sinn. Henni hafi borið að sýna sérstaka varúð, þar sem hún ók á lausum malarvegi, þreytt eftir vinnu og langan akstur. Hafi stefnda Hulda gengist undir sátt í sakadómi vegna þessa aksturslags og þess tjóns, sem hún olli stefnanda, sbr. 219. gr. alm. hgl.

Stefnda Velti hf. sé stefnt sem skráðum eiganda þeirrar bifreiðar, sem tjóninu olli. Veltir hf. hafi keypt tryggingu hjá hinu stefnda tryggingafélagi, sbr. 1. mgr. 70. gr. umfl., og hafi með því tryggt allt tjón, sem hljótast kynni af notkun ökutækisins. Hinn skráði eigandi beri bótaábyrgð skv. 1. mgr. 67. gr. umfl., ef tjónið hljótist af sök við notkun ökutækisins, en hann beri jafnframt aukna ábyrgð án sakar, ef tjón sé utan ökutækis, nema flutt sé gegn gjaldi, hvað varðar tjón innan ökutækis, sbr. 2. mgr. 67. gr. umfl. Mál þetta sé reist á grundvelli sakar löglegs handhafa hinnar skráðu bifreiðar. Samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum beri hinn skráði eigandi ábyrgð á því tjóni ásamt öikumanni. Hin keypta trygging stefnda Veltis hf. taki til þess tjóns, sem ökumaður olli, sbr. 4. mgr. 70. gr.

Hinu stefnda tryggingafélagi sé stefnt til ábyrgðar, sbr. 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. mgr. (sic) umfl., sbr. hina lögbundnu tryggingu, sem stefndi Veltir hf. keypti þar eftir ákvæðum 70. gr. umfl.

Um málsástæður og lagarök að öðru leyti vísast til umferðarlaga og almennra reglna kröfu- og skaðabótaréttar.

Bótafjárhæð sundurliðast þannig:

16.000.000 kr. vegna beins líkamstjóns stefnanda.

10.000.000 kr. vegna annars tjóns stefnanda, þ. m. t. vegna miska, röskunar á stöðu og högum, auk bóta vegna alls annars tjóns hennar. Eftir slysið hafi lif stefnanda verið samfelld þrautaganga. Til hafi komið margendurteknar lækniaðgerðir, og oftast en einu sinni hafi stefnandi veikst alvarlega og þurft að dveljast á gjörgæsludeild Borgarspítalans í Reykjavík. Það sé ljóst, að stefnanda muni reynast erfitt um vik að hasla sér völl í starfi eða leik. Hún muni lítið geta hreyft sig úr stað án aðstoðar og geti ekki komist úr rúmi og í án aðstoðar. Þá geti hún ekki þrifið sig eða séð um sig að öðru leyti án verulegrar aðstoðar. Stefnanda sé nær ómögulegt að tjá sig í rituðu máli. Þar sem hér sé einungis um að ræða 28 ára gamla stúlku, þegar slysið varð, sé ljóst, að það gjörbylti svo stöðu og högum stefnanda, að ekki verði mörgum sambærilegum tilvikum til að jafna.

Stefnandi krefst þess, að til frádráttar á stefnukröfum komi ekki aðrar fjárhæðir en verðmæti 7,19% skatthagráðis skv. útreikningi á dskj. nr. 44. Bætur Tryggingastofnunar ríkisins falli niður vegna vistunar stefnanda á sjúkrahúsi, sbr. 51. gr. almtrl. Réttur til dagpeninga frá sama aðila falli niður vegna greiðslna úr Lífeyrissjóði lðju, sem séu óverulegar og keyptar

af eigin fé stefnanda. Fritímatrygging stefnanda samkv. kjarasamningi komi ekki til frádráttar, sbr. m. a. 2. mgr. 25. gr. 1. nr. 20/1954.

Í stefnu sé almennt vaxta krafist af slysdagsverðmæti tjónsins frá slysdegi til þess dags, er gerð var formleg skaðabótakrafa á hendur Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. 6. nóvember 1987. Þá hafi verið lokið nær allri gagnaöflun í málinu og ekkert í veginum fyrir uppgjöri. Samkvæmt 15. gr. 1. nr. 25/1987 beri slíkar skaðabótakröfur dráttarvexti að liðnum einum mánuði frá þeim degi, er kröfuhafi lagði sannanlega fram þær upplýsingar, sem þörf var á að meta. Dráttarvaxta sé því krafist frá 6. desember 1987 til greiðsludags.

Málsástæður stefndu Sjóvár-Almennra trygginga hf. og Veltis hf.

Sýknukröfu sína reisa stefndu á því, að stefnanda hafi verið ljóst, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis, sbr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og eigi hún því að bera tjón sitt sjálf, sbr. niðurlag 68. gr. s. 1., og sé það í samræmi við dómvenju. Í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3, bls. 3, sé haft eftir Matthíasi Lýðssyni, lögreglumanni á Hólmavík, að mikinn áfengisþef hafi lagt af Huldu, ökumanni bifreiðarinnar, og jafnframt, að í bílnum hafi verið bjórdósir, bæði fullar og tómur, auk nær fullrar vodkaflösku. Segi lögreglumaðurinn, að Páll Sæmundsson hreppstjóri hafi verið á slystað í nær tvo tíma og talið, að Hulda væri drukkin. Þá segi í skýrslunni: „Er undirritaður hafði í þessu sambandi tal af Haraldi lækni í síma og spurði, hvort það væri rétt, sem vitni hefði sagt, að hann hefði neitað að gefa Huldu deyfilyf, vegna þess að hún væri búin að neyta það mikils áfengis, sagði hann: „Já, þetta er rétt. Konan var dauðadrukkin“.“

Þessa skýrslu hafi lögreglumaðurinn staðfest fyrir dómi, en upptaka af framburði hans hafi eyðilagst.

Vitnin Pálmi Sæmundsson og Haraldur Tómasson hafi einnig komið fyrir dóm og staðfest það álit sitt, að meðstefnda, Hulda, hafi verið undir áhrifum áfengis, og sé vakin sérstök athygli á þeirri athöfn læknisins að miða lyfjagjöf við, að hún væri drukkin. Þá komi fram í vætti yfirlæknis slyshadeildar Borgarspítalans, að meðstefnda, Hulda, sé talin drukkin í skráð spítalans.

Varakröfu sína reisa stefndu á því, að stefnandi beri meginhluta sakar sjálfur, en ljóst sé, að slysið sé afleiðing gálauðs aksturs, sem stefnandi beri meðábyrgð á, enda kunnugt um, að ökumaður hafi ekki verið hæfur til að aka bifreiðinni.

Stefnukröfum er mótmælt sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju.

Samkvæmt örorkutjónsútreikningi, dags. 19. febrúar 1990, sé tjón stefnanda metið 9.424.700 kr., en hins vegar sé þá eftir að draga frá því tjóni þær greiðslur, er stefnandi hafi fengið vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum, svo og verðmæti örorkubóta og tekjutryggingar svo og aðrar tekjur. Þá beri einnig að draga frá vegna hagræðis eingreiðslu og vegna skattfríðinda.

Miskabótum er mótmælt sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju.

Vaxtakröfu er mótmælt, en krafist sé dráttarvaxta, sem sé í ósamræmi við dómvenju. Enn fremur er vaxtavaxtakröfu mótmælt að því leyti, sem hún er sett fram í stefnukröfu. Mótmælt er vöxtum af málskostnaði.

*Málsástæður stefndu,
Huldu Halldórsdóttur.*

Varðandi málsóknina gegn stefndu Huldu vísar þessi stefndi til meginreglna um réttarstöðu ökumanna í umferðarlögum nr. 40/1968 og l. nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Stefnda Hulda sé nú 75% öryrki og öreigi að auki.

Varnir váttryggingafélagsins í máli þessu séu að meginefni reistar á grun um samdrykkju ökumanns og farþega, stefnanda málsins.

Því sé ekki mótmælt, að bjórþef hafi lagt af stefndu, enda sé viðurkennt af hennar hálfu, að hún hafi drukkið óáfengan bjór, en eins og kunnugt sé, leggi álika ramman þef af slíkum drykk sem áfengum drykkjum.

Mikilvægt dómskjal í málinu sé dómsáttin á dskj. nr. 12. Þar hafi stefnda undirgengist dómsátt vegna ætlaðra brota á nokkrum greinum umferðarlaga og samþykkt að greiða sekt til þess að sleppa við málsókn út af broti á 219. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og fleiri lagagreinum. Hér sé um algenga málsmeðferð að ræða gagnvart ökuönnnum, sem missi stjórn á ökutækjum sínum.

Stefnda hafi verið óvön akstri utan Reykjavíkur og hafi misst bifreið sína út af vegi vegna lausamalar. Ekkert bendi til þess, að stefnda hafi neytt áfengis við akstur og brotið þannig áfengis- og umferðarlög.

Hætt sé við því, að sakadómarinn í Kópavogi og saksóknari ríkisins hefðu ekki gengið þannig frá málinu á sakadómsstigi, þ. e. með dómsátt, ef ákærvaldið hefði eygt möguleika á því að ákæra Huldu Halldórsdóttur fyrir ölvunarakstur og fá hana dæmda samkvæmt því. Hin forna regla: „In dubio pro reo“ sé enn í fullu gildi, hvað svo sem líði mótbárum váttryggingafélags þess, sem hér eigi aðild að máli.

Stefnda Hulda hafi orðið fyrir mjög alvarlegu líkamstjóni í umferðarslysini, og hafi hún undirbúið bótamál og áskilið sér allan rétt sem tjónþoli með réttarstöðu ökumanns í huga vegna máls þessa. Stefnda njóti því váttryggingarverndar. Stefnda hafi notið frítímatryggingar hjá Sjóvá hf., sem Veltir hf. hafði keypt.

Sýknukrafa sé einkum studd almennum reglum umferðarlaga, vátryggingarréttarins og vátryggingarsamningalaganna, sbr. og áfengislaga, varðandi réttindi ökumanns bifreiðar. Hafa beri þó í huga 67. og 69. gr. umferðarlaga svo og 70. gr.

Yfirheyrslur.

Eins og fram hefur komið, var mál þetta upphaflega höfðað af stefnanda gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Velti hf. Var því vísað frá dómi. Fóru fram í því máli skýrslutökur aðila og vitna fyrir dómi, og hafa þær skýrslur verið lagðar fram sem dómskjöl í máli þessu.

Eftirtaldir aðilar gáfu skýrslu: stefnandi, Lára Magnúsdóttir; ökumaður bifreiðarinnar, Hulda Halldórsdóttir; vitnin Jón Ólafur Ólafsson, Anna Sigríður Jónsdóttir, Haraldur Óskar Tómasson læknir, Pálmi Sæmundsson, hreppstjóri í Bæjarhreppi í Strandasýslu, Matthías Sævar Lýðsson, bóndi og lögreglumaður, og Gunnar Þór Jónsson, yfirlæknir á slysadeild Borgarspítalans.

Vegna bilunar í tæknibúnaði embættisins eyðilagðist hljóðupptaka vitnisins Matthíasar Sævars Lýðssonar.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði haft með sér eina vodkaflösku að heiman og drukkið af henni, en ökumaður, Hulda Halldórsdóttir, hefði ekki drukkið áfengi á leiðinni. Hins vegar hefði hún drukkið pilsner, sem þær keyptu á leiðinni. Hún kvaðst ekki muna tegundina, en um hefði verið að ræða pilsner í dós. Enginn sterkur bjór hefði verið með í ferðinni.

Ökumaður, Hulda Halldórsdóttir, staðfesti, að haft væri rétt eftir sér í lögregluskýrslu á dskj. nr. 4 að öðru leyti en því, að hún kvaðst einungis muna eftir því, að ein áfengisflaska hefði verið með í ferðinni. Þá kvaðst hún hafa leiðrétt ökuhraðann. Í lögregluskýrslunni er haft eftir Huldu, að Lára hafi drukkið eitthvað lítillega af vodka á leiðinni, en sjálf hafi hún drukkið 3-4 dósir af Falcon-léttöli. Þá kvaðst hún hafa tekið eina töflu af codimagnyli við höfuðverk, er hún lagði af stað frá Reykjavík. Aðspurð, hvort hún hefði verið lasin, kvaðst hún telja, að hún hefði verið þreytt eftir vinnu. Hún hefði farið í vinnu kl. 8 eða 9 um morguninn og verið að vinna til kl. 6, en hún hefði unnið við að aka.

Vitnið Jón Ólafsson staðfesti fyrir dómi, að rétt væri haft eftir sér í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3. Athygli hans var vakin á því, að í lögregluskýrslunni er m. a. haft eftir honum, að Hulda hafi spurt hann að því, hvort hann vildi ekki gefa sér brennivín, en hann hafi svarað því til, að það væri sjálfsagt nóg komið. Vitnið fullyrti, að þarna væri rangt farið með nafn hinnar slösuðu, þarna hefði átt að standa Lára. Hann kvað Huldu engan veginn hafa verið færa um að biðja um nokkurn hlut, þar sem hún lá á

grúfu. Hann fullyrti, að það hefði verið Lára, sem þetta sagði, Vann vitnið eið að framburði sínum.

Í lögregluskýrslu er haft eftir vitninu Jóni Ólafi, er hann var spurður, hvort hinar slösuðu hefðu verið drukknar, að þau hefðu ekki fundið af þeim áfengislykt, og hefðu þau enga tilraun gert til þess að komast að raun um það, en af aðstæðum á slysstað hefði mátt ráða, að áfengi hefði verið með í för, en þar hefðu verið áteknar bjórdósir og áfengisflaska.

Vitnið Anna Sigríður Jónsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglunni í Strandasýslu ásamt Jóni Ólafi Ólafssyni, og staðfesti hún hana rétta fyrir dómi. Undir skýrsluna hafa þau ritað eftirgreindan texta og undirritað hann: „Við undirrituð getum engan veginn fullyrt, að hinar slösuðu hafi verið undir áhrifum áfengis, enda ekkert, sem bendir til þess, nema vera kynni það áfengi, sem var í bílnum.“

Fyrir dómi skýrði Anna Sigríður svo frá, aðspurð um það, hvort hún hefði getað greint það, að ökumaðurinn, Hulda Halldórsdóttir, hefði verið undir áhrifum áfengis: „Mér finnst ég ekki geta svarað því, að hún hafi ekki verið það.“ Þá kvaðst hún ekki hafa tekið eftir neinu afbrigðilegu í fari Huldu og Láru skömmu fyrir slysið við veitingaskála í Hrútafirði. Aðspurð kvaðst Anna Sigríður ekki hafa orðið vitni að orðaskiptum þeim milli Huldu og Jóns Ólafs, sem fram koma í lögregluskýrslu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa talið hinar slösuðu vera drukknar. Það kvaðst hvorki geta sagt til um það af eða á, hvort þær hefðu verið drukknar. Það kvaðst hafa séð áfengisflöskur og pilsnerdósir á slysstað. Nánar aðspurt kvaðst það muna eftir einni áfengisflösku.

Haraldur Óskar Tómasson læknir skýrði svo frá fyrir dómi, aðspurður um ummæli Matthíasar Lýðssonar í lögregluskýrslu þess efnis, að hann hefði spurt Harald í síma, hvort það væri rétt, að hann hefði neitað að gefa Huldu Halldórsdóttur deyfilyf, vegna þess að hún var búin að neyta það mikils áfengis, og Haraldur sagði: „Já, þetta er rétt, konan var dauðadrukkin,“ - að hann hefði sagt eitthvað í þá veru. Ekki kvaðst hann geta fullyrt, hvort hann hefði notað orðið „dauðadrukkin“. Nánar aðspurður kvaðst Haraldur hafa talið, að Hulda væri undir áhrifum áfengis, það hefði verið sitt mat á slysstað. Ekki kvaðst hann vita, hvort tekið hefði verið af henni blóðsýni. Hann kvaðst hafa skýrt læknum, sem kom frá Reykjavík með þyrlunni, frá því, að hann teldi hana undir áhrifum áfengis. Sérstaklega aðspurður kvaðst Haraldur hafa metið þetta af orði Huldu og æði, einnig hefði verið af henni áfengislykt. Aðspurður, hvort unnt sé að greina með fullri vissu milli ölvunarástands manneskju og þess rugls, sem verði við svo mikið slys, svaraði vitnið því til, að auðvitað væri ýmislegt við slys, sem geti valdið svipaðri hegðun. Aðspurður, hvort taugaáfall við slys geti valdið slíkum viðbrögðum, svaraði vitnið því játandi. Þá kvað vitnið

hugsanlegt, að pilsnerneysla gæti valdið áfengisþef, sem villt gæti um. Aðspurt kvað vitnið hafa verið miklar eða einhverjar áfengisbirgðir í bílnum, en það hefði ekki haft áhrif á mat sitt á ástandi sjúklingsins. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að staðfesta, að Hulda Halldórsdóttir hefði verið ölvuð, þegar vitnið kom á slysstað.

Vitnið Pálmi Sæmundsson skýrði svo frá, að hann hefði að mestu stumrað yfir bílstjóranum eftir slysið. Hann kvaðst ekki hafa getað heyrt á tali hennar, að hún vari undir áfengisáhrifum. Hins vegar kvaðst hann geta staðfest það, að áfengislykt hefði verið úr vitum hennar. Hann kvaðst eiga erfitt með að gera sér grein fyrir því, hvort hún hefði verið verulega undir áhrifum áfengis, en kvaðst hafa sterkan grun um það. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið telja sig geta greint á milli lyktar af manneskju eftir drykkju á áfengum bjór eða öðru áfengi og lyktar, sem kemur af manneskju eftir 2-3 pilsnera. Ekki gat vitnið greint frá því, hver væri munurinn. Vitnið fullyrti, að það hefði séð tvær áfengisflöskur, báðar undan vodka. Þá hefðu verið bjórdósir í bílnum. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort það hefði verið áfengur bjór, sig minnti, að það hefðu verið pilsnerdósir.

Vitnið Gunnar Þór Jónsson læknir skýrði svo frá, að engar ótvíræðar upplýsingar lægju fyrir um það í sjúkraskýrslum Borgarspítalans, að Hulda Halldórsdóttir hefði verið undir áhrifum áfengis við komuna á slysadeild Borgarspítalans. Í óundirritaðri skyndiskýrslu, sem af henni var tekin við komu á gæsludeild, væri skráð m. a.: „var ölvuð“. Kvaðst vitnið telja skýrsluna vera skráða með rithendi aðstoðarlæknis, sem ritaði fyrri skýrsluna. Vitnið kvað ekki koma fram við skoðun þessa læknis, að sjúklingur hefði verið ölvuður eða sýnt merki um það, en hins vegar væri þessi fullyrðing skrifuð í skýrsluna, hvaðan sem hún væri fengin. Þá kvað vitnið læknismeðferð og lyfjagjöf ekki hafa miðast við, að sjúklingur væri undir áhrifum áfengis. Aðspurt kvað vitnið ekkert skráð í sjúkraskýrslur um það, að Haraldur Tómasson læknir hefði látið þess getið við lækni þann, sem fór með þyrlunni að sækja Huldu á slysstað, að hún hefði verið undir áhrifum áfengis,

III.

Niðurstaða.

Eins og fram kemur af vitnaleiðslum, getur ekkert vitnanna fullyrt, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið drukkinn. Vitnin eru ósamhljóða um það, hvort öldósir þær, sem á slysstað voru, hafi verið undan áfengu öli eða pilsner, en af framburði þeirra verður þó fremur ráðið, að einungis hafi verið um að ræða óáfengt öl, og er annað ósannað. Virðist ráða miklu um mat þeirra, sem töldu ökumann drukkinn, að af henni var áfengisþefur. Ekkert vitnanna treystir sér þó til að greina með fullri vissu milli þefs af

pilsner og áfengum bjór eða öðrum áfengum drykkjum utan vitnið Pálmi, sem ekki treysti sér þó til að skýra þann mun. Þá virðast ummerki á slystað, áfengisflaska og öldósir, hafa átt þátt í að mynda álit vitnanna.

Ekki liggur fyrir, að blóðsýni eða þvagsýni hafi verið tekið af ökumanni og mælt áfengismagn þess. Engar upplýsingar eru um, hvaðan sú staðhæfing, sem fram kemur í hinni óundirrituðu sjúkraskýrslu, er fengin, að Hulda Halldórsdóttir hafi verið ölvuð.

Samkvæmt framansögðu verður að telja ósannað, að ökumaður bifreiðarinnar, Hulda Halldórsdóttir, hafi verið undir áhrifum áfengis, er slysið varð.

Eins og fram kemur í skýrslu stefndu Huldu fyrir dómi, var hún þreytt eftir langan vinnudag við bifreiðaakstur, er hún lagði upp í hið örlagaríka ferðalag með stefnanda. Hún hafði höfuðverk og tók því inn eina töflu af codimagnyl. Haft er eftir henni í lögregluskýrslu, dags. 3. júlí 1986, að hún hafi áreiðanlega ekki ekið á meira en 100 km/klst. Fyrir dómi staðfesti Hulda skýrslu þessa sem rétta, nema hvað hún kvaðst minnst þess að hafa leiðrétt ökuhraðann. Nánar aðspurð um ökuhraða fyrir dómi kvaðst hún hafa „örugglega verið á 70, kannski eitthvað upp úr því“. Telja má sannað með hliðsjón af þessum framburði stefndu Huldu svo og með hliðsjón af ummerkjum um slysið, sem fram koma í gögnum málsins og ómótmælt er, að stefnda Hulda hafi ekki hagað akstri sínum miðað við aðstæður og að hún hafi þannig brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 26. gr., 1. og 2. mgr. 49. og 2. mgr. 50. gr. 1. nr. 40/1968. Þykir hún með háttalagi sínu bera fulla bótaábyrgð á tjóni stefnanda skv. 3. mgr. 69. gr. sömu laga.

Ósannað er, að stefnandi hafi á nokkurn hátt verið meðvaldur að tjóninu eða að hún hafi tekið meðvitaða áhættu með því að gerast farþegi í bifreiðinni, svo að hún teljist meðábyrg á tjóninu skv. 3. mgr. 67. gr. laganna.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Velti hf. er reist á 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 40/1968.

Samkvæmt framangreindu lagaákvæði gildir hin hlutlæga bótaábyrgð eiganda ökutækis gagnvart farþega því aðeins, að hann hafi verið fluttur gegn gjaldi. Því er ekki til að dreifa í máli þessu. Ber því að sýkna þennan stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eins og málið er vaxið, þykir rétt að fella niður málskostnað, hvað hann varðar.

Kröfur á hendur hinu stefnda tryggingafélagi eru reistar á 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. mgr., sbr. og 70. gr. 1. nr. 40/1968.

Ef litið er til orðalags 2. mgr. 74. gr. 1. nr. 40/1968, sbr. 1. mgr. sömu greinar, verður tryggingafélagið ekki dæmt til að þola aðfararhæfan dóm nema því aðeins, að bótaábyrgð skv. 67. gr. eða 68. gr. laganna sé til að dreifa.

Dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur þrátt fyrir það gengið í þá átt, að

slíkt sé heimilt, sbr. m. a. Hrd. 1987, 1763. Kemur því krafa stefnanda á hendur hinu stefnda tryggingafélagi til efnisúrlausnar.

Bifreiðin R-63525 var ábyrgðartryggð hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., þegar slysið varð. Félag þetta hefur nú sameinast öðru tryggingafélagi undir heitinu Sjóvá-Almennar tryggingar hf., og hefur það félag viðurkennt aðild að máli þessu.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið um bótaábyrgð stefndu Huldu í máli þessu, ber með vísan til 4. mgr. 70. gr. l. nr. 40/1968 jafnframt að fella bótaábyrgð á stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf., enda er ósannað, eins og að framan er rakið, að stefnda Hulda hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, er slysið varð, en á þeirri máls-ástæðu er sýknukrafa tryggingafélagsins reist.

Bótafjárhæð.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig: 16.000.000 kr. vegna beins líkamstjóns stefnanda, 10.000.000 kr. vegna annars tjóns stefnanda, þ. m. t. miska og röskunar á stöðu og högum.

Ekki er ágreiningur um það í málinu, að stefnandi hlaut 100% varanlega örorku við slysið, sbr. örorkumat Jónasar Hallgrímssonar lækni, dags. 14. nóvember 1986. Á grundvelli þessa örorkumats hefur Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur nokkrum sinnum reiknað út fjárhagslegt tjón stefnanda vegna örorkunnar. Reisir stefnandi fyrri lið bótakröfunnar á útreikningi, sem dagsettur er 17. janúar 1990. Samkvæmt þeim útreikningi reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda nema á slysdegi 9.307.300 kr. Útreikningi þessum hefur ekki verið andmælt, og þykir því mega leggja hann til grundvallar bótagreiðslum til stefnanda. Af hálfu stefndu er þess hins vegar krafist, að dregnar verði frá þeirri fjárhæð þær greiðslur, sem stefnandi hefur fengið úr lífeyrissjóðum, svo og verðmæti örorkubóta og tekjutryggingar svo og aðrar tekjur. Þá beri að draga frá vegna hagræðis eingreiðslu og vegna skattfríðinda. Vísar stefndi í örorkutjónsútreikning, dags. 19. febrúar 1990, um þá frádráttarliði, nema hvað hann telur frádrátt vegna skatthagræðis eiga að vera hærri en þar greinir í samræmi við venju.

Framangreindur örorkutjónsútreikningur var reiknaður að beiðni lögmanns stefnanda að tilmælum lögmanns stefndu Sjóvár-Almennra trygginga hf. og Veltis hf. Var hann lagður fram við munnlegan málflutning af hálfu þessara stefndu. Reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda þar vera 9.424.700 kr.

Verður nú fjallað um þá liði, sem stefndu gera kröfu um, að koma eigi til frádráttar skv. útreikningum tryggingafræðingsins:

1. Frádráttur vegna skatthagræðis.

Um skattfrelsi örorku- og miskabóta er kveðið í 2. tl. 28. gr. l. nr.

75/1981. Fyrir því er áratugalöng dómvenja þess efnis, að lögákveðin skattfríðindi bótaþega hafi áhrif til lækkunar á bótagreiðslum honum til handa, og er ekki um það deilt í málinu. Af hálfu stefnanda er þess þó krafist, að útreiknaðar örorkubætur verði aðeins skertar um 7,19% vegna skattfrelsis þeirra.

Skatthlutfall það, sem stefnandi byggir á, er reiknað út af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi, eins og áður greinir, miðað við þær áætluðu tekjur, sem eru grundvöllur að útreikningi á höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda. Stefndu hafa ekki hnekkst þessum útreikningum eða sýnt fram á, að leggja beri til grundvallar hærra skatthlutfall. Þykir frádráttur vegna skattfrelsis bótanna því hæfilega ákveðinn 7,19%.

2. Höfuðstólsverðmæti dagpeninga á slysdegi, 780.900 kr.

Af hálfu stefnanda er upplýst, að stefnandi nýtur greiðslna úr Lífeyrissjóði Iðju. Munu þær nú nema um 22.000 kr. á mánuði, sbr. dskj. nr. 47. Samkvæmt ákvæðum 51. gr. 1. nr. 67/1971 fellur réttur stefnanda til dagpeninga þar með niður. Er því ekki fallist á, að liður þessi komi til frádráttar örorkubótum stefnanda.

3. Höfuðstólsverðmæti örorkulífeyris frá Lífeyrissjóði verksmiðjufólks á slysdegi, 2.833.800 kr.

Hér er um að ræða greiðslur úr lífeyrissjóði, sem keyptar eru með eigin fé stefnanda. Hafa stefndu ekki fært rök að því, að greiðslur þessar skuli dragast frá bótagreiðslum.

4. Örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins, verðmæti á slysdegi 1.362.500 kr., og tekjutrygging 1.965.500 kr.

Það er ágreiningslaust með aðilum, að stefnandi muni þurfa að dveljast á sjúkrahúsi, það sem hún á ólífað, við stöðuga umönnun, en hún er ófær um að sjá sjálf um nokkrar hinna daglegu þarfa sinna. Samkvæmt 5. mgr. 51. gr. 1. nr. 67/1971 falla ofangreindar bætur niður vegna þessa. Koma þær því ekki til frádráttar bótakröfum stefnanda.

5. Frádráttur vegna eingreiðsluhagræðis.

Fyrir því er áratugalöng dómvenja að taka tillit til hagræðis vegna eingreiðslu til frádráttar bótum. Verður þó ekki á það fallist, að slíkur frádráttur komi til, nema um raunverulegt hagræði af eingreiðslunni sé að ræða. Stefndi í máli þessu hefur engar atvinnutekjur og fyrirsjáanlegt, að hún muni um ókomna tíð ekki hafa aðrar tekjur en þær, sem raktar hafa verið hér að framan. Til þess að tryggja sér ráðstöfunartekjur af örorkubótum sínum hefur hún nú þann kost að ávaxta þær með allt að 5-7% raunvöxtum á ári. Til þess að geta nýtt sér þessa ávöxtun um ókomin ár má hún ekki skerða höfuðstól bótanna. Kemur þá til álita, hvort hagræði eingreiðslunnar verði nokkru meira í tilviki stefnanda en ef hún hefði fengið jafnar mánaðarlegar greiðslur, miðað við þær launaforsendur, sem örorkutjónsútreikningurinn byggist á. Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt, að um nokkurt hagræði fyrir hana

sé að ræða. Stefndu hafa ekki getað sýnt fram á hið gagnstæða. Með þetta í huga þykja ekki efni til að lækka bætur til handa stefnanda vegna eingreiðsluhagræðis.

Síðari kröfuliður stefnanda er um miskabætur, 10.000.000 kr.

Þegar meiðsli stefnanda eru virt, sjúkrasaga hennar, þjáningar þær, sem hún hefur mátt þola, svo og sú verulega röskun, sem orðið hefur á öllum högum hennar og framtíðarhorfum, þykja miskabætur henni til handa hæfilega ákveðnar 2.500.000 kr.

Samkvæmt framansögðu ber stefndu Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Huldu Halldórsdóttur að greiða stefnanda in solidum 11.138.105 kr. ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Huldu Halldórsdóttur in solidum til að greiða 844.865 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa, 844.865 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Magnúsar M. Norðdahl hdl., 750.000 kr., en 94.865 kr. eru vegna útlagðs kostnaðar skv. málskostnaðarreikningi, en enginn ágreiningur er með aðilum um þann kostnað. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi Veltir hf. skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður, hvað hann varðar, fellur niður.

Stefndu Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, og Hulda Halldórsdóttir, Hvassaleiti 153, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, Láru Jóhönnu Magnúsdóttur, Hátúni 10, Reykjavík, 11.138.105 kr. með 9% ársvöxtum frá 21. júní 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s. á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s. á., en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. l. nr. 67/1989, frá þeim degi til 16. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndu enn fremur 844.865 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð, og ber málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 844.865 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Magnúsar M. Norðdahl hdl., 750.000 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.